



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarsögusafn, Guðbrandur Benediktsson

**Sendandi:** Eignaskrifstofa, Óli Jón Hertervig, Daniela Zbikowska

### Geymslur borgarsögusafns

Menningar- og íþróttasvið hefur haft til afnota geymslu fyrir muni Borgarsögusafns að Köllunarklettsvegi 4. Húsnæðið hentar ekki lengur vegna ástands og öryggismála. Núverandi húsnæði er 546 fermetra og er leiga á mánuði krónur 1.195.000. 14,4 m.kr. á ári

Borgarsögusafn hefur óskað eftir að fá til umráða stærra og betra húsnæði og hefur eignaskrifstofa verðið að leita að nýju leiguhúsnæði sem uppfyllir kröfur Borgarsögusafn.

Hugmyndir eru um að taka á leigu Koparsléttu 11B og 11c. Um er að ræða tvö bil af þremur í húsnæði á Esjumelum. Húsnæðið er samtals 875,9 fermetra þannig að um er ræða mun stærra húsnæði og betra en Borgarsögusafn hefur haft til umráða hingað til.

Leiguverð er áætlað 2.200.000 á mánuði eða um 26,4 m.kr. á ári.

Breyta þarf húsnæðinu til að koma á mótis við þarfir Borgarsögusafns, ganga frá öryggiskerfum, smíða klefa fyrir lyftara og setja filmur á alla glugga o.fl. Áætlaður kostnaður er 5. m.kr.

Áætlaður kostnaður Borgarsögusafns við flutning í nýtt húsnæði er áætlaður 13. milljónir og skiptist þannig.

- Flutningur, sendibílar og menn, lestun, akstur, losun: 4.000.000.-
- Leiga á lyftara, umbúðir, ofl. 1.000.000.-
- Aðstoðarfólk, undirbúa til flutnings, taka á mótis 3.000.000.-
- Brettahillur í fyrra rýmið, notum gömlu í seinna rýmið 4.000.000.-
- Uppsetning á nýjum hillum 1.000.000.-